

**Ed.**

**299. Nefndarálit**

[176. mál]

um frv. til laga um vörugjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin klotnaði um málið og leggja undirritaðir nefndarmenn til að frv. verði fellt.

Á síðastliðnu sumri voru með bráðabirgðalögum gerðar sérstakar ráðstafanir, sem miða áttu að því m. a. að bæta erfiða stöðu sælgætisiðnaðarins. Nú nokkrum mánuðum síðar er staða þessarar iðngreinar og öl- og gosdrykkjaiðnaðarins hins vegar talin með þeim hætti, að ríkisstjórnin leggur til að íþyngja þessum iðnaði sérstaklega með nýjum sköttum til að afla fjár í ríkishítina. Samhliða er svo ráðgert að fella niður styrki til íslenskrar iðnþróunar um leið og sú vernd, sem iðnaðurinn hefur notið vegna aðlögunar að friverslun, hverfi. Er engu líkara en að stjórnvöld stefni með þessu háttarlagi markvisst að því að lama iðnaðinn, enda hafa bæði iðnrekendur og starfsfólk þessara iðngreina brugðið hart við og sent harðorð mótmæli þar sem bent er á að atvinnuöryggi 600 manna sé ógnað.

Þá er þess að gæta, að þetta nýja gjald mun hækka vísitölu um 0.26%, en skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar leiðir sú hækkun til aukinna launagreiðslna í landinu sem nemur 2.1—2.9 milljörðum, og er vist óhætt að fullyrða að fljótlega muni launahækkanir nema a. m. k. 3 milljörðum og síðan auðvitað vefja upp á sig í samræmi við þrælútfærða verðbólguþefnu núverandi ríkisstjórnar.

Þessa nýju skattlagningu á að knýja fram, þótt tekjur af henni verði naumast meiri en bein aukin launaútgjöld ríkissjóðs og atvinnuveganna, en í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að tekjuöflunin muni nema 3.4 milljörðum á árinu 1981, sem vafalaust er of há áætlun vegna minnkandi sölu.

Frumvarp þetta er enn einn vitnisburðurinn um stjórnleysi og upplausn, sem er að sliga atvinnuvegina og brjóta niður allt fjármálakerfi landsins.

Þótt e. t. v. megi segja, að hér sé einungis um að ræða dropa í hafið, er samt mikilvægt að Alþingi taki nú fram fyrir hendur ríkisstjórnarinnar, og því leggjum við til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 17. des. 1980.

Ey. Kon. Jónsson,  
frsm.

Kjartan Jóhannsson.

Lárus Jónsson.